

**Ársskýrsla Handís 5. Júní 2018**  
**Starfsárið 2017-2018****Um félagið**

Handís verður 18 ára á þessu ári en félagið var stofnað 23. júní 2000.

**Stjórn**

Í stjórn sátu og skiptu með sér verkum sem hér segir :

Ella Kristín Karlsdóttir, formaður

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, varaformaður

Sigurlaug Hauksdóttir

Ólöf Unnur Sigurðardóttir, gjaldkeri

Eyrún Jónsdóttir, ritari

Guðrún Einarsdóttir, varamaður

**Skoðunarmenn reikninga**

Hallveig Finnbogadóttir

Ragnheiður Sverrisdóttir

Breytingar urðu á stjórn frá fyrra ári. Guðrún Einarsdóttir var endurkjörin. Ný í stjórn kom Sigurlaug Hauksdóttir. Góður starfsandi ríkti í stjórn og einhugur var ríkjandi um þau mál sem komu inn á borð stjórnar. Á starfsárinu voru haldnir 6 stjórnarfundir, einn fræðslufundur og málþing.

Nóvember fræðslufundurinn var haldinn 16. nóvember á 3.hæð í húsnæði geðdeildar LSP við Hringbraut.

Fyrirlesari að þessu sinni var Berglind Magnúsdóttir. Erindi hennar fjallaði um : Uppeldis- og áfallastreitu Piu Melody og umræður um hvort sjálfsskoðun og sjálfsþekking um okkar eigin áföll geti verið verndandi þáttur í starfi.

Ákveðið var að halda viðburð 25. maí. Félagið hóf undirbúning að komu Peter Hawkins 25. maí 2018. Hugmyndin er að halda Master class í einn dag með áherslu á hóphandleiðslu. Það kom svo í ljós að Peter Hawkins var ekki laus fyrr en vorið 2019. Það var ekki vilji innan stjórnar að fresta því var ákveðið að hafa málþing með nokkrum fyrirlesurum. Og var þá leitað að til Auðar Óskar Gumundsdóttur og þriggja nýútskrifaðra nemenda úr handleiðslufræðum þeim Díönu Ósk Óskarsdóttur, Elsa Ingu Konráðsdóttur, Sveindísi Jóhannsdóttur útskriftar ásamt Vigdísi Jónsdóttur og Lindu Báru Lýðsdóttur fulltrúm frá Virk. Þá var Dr. Sigrún Júlíusdóttir með samantekt og lokaorð.

Málþingið fékk heitið “Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera að drukkna “ það var haldið að Grand Hótel 25. maí 2018.

67 sátu málþingið og þótti takast vel til.

## **Félagsmenn og félagsgjöld**

Í dag eru félagsmenn 30 og árgjald er kr.3000.-

## **Leiðarljós stjórnar eru þau sömu og í reglum félagsins.**

- Að stuðla að þróun og hagnýtingu handleiðslu í starfi fagstétta.
- Að stuðla að viðhaldi fræðilegrar og verklegar þekkingar um handleiðslu með fyrirlestrum og námskeiðum.
- Að kynna handleiðslu sem starfs- og fræðigrein, - kosti hennar og gildi í faglegu starfi.
- Að vernda hagsmuni þeirra sem starfa að handleiðslu og stuðla að því að þeir uppfylli fyllstu kröfur um þekkingu og siðgæði í starfi.
- Að stuðla að samheldi meðal félagsmanna og samstarfi við sambærileg félög í öðrum löndum.

## **Upplýsingamál**

**Heimasíðan- [www.handleidsla.is](http://www.handleidsla.is)**

Markmið stjórnarinnar er að á heimasíðunni verði jafnan nýjar fréttir um félagið og félagsstarfið. Heimasíðan er því uppfærð reglulega

## **Um starfsemi nefnda og fleira**

### **Störf fastanefnda**

Í félaginu eru tvær fastanefndir kynningarnefnd og siðanefnd.

Í siðanefnd eru þær Björg Karlsdóttir og Guðrún Einarsdóttir.

Í kynningarnefnd Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Guðrún Sederholm og Ella Kristín Karlsdóttir.

Fastanefndir skila munnlegri skýrslu til aðalfundar.

Stjórn þakkar fulltrúum í nefndum fyrir vel unnin störf.

F. h. stjórnar Handís  
Ella Kristín Karlsdóttir,  
formaður